

89 stofnunarinnar. Afrit af ársreikningum (og starfsyfirliti) sendist til íþróttanefndar 26. apríl ríkisins.

Enn fremur er hlutverk bæjarráðs:

- a. Niðurröðun á sundtímum eða baðtímum og að gera tillögur um afnotagjöld.
- b. Útlán sundhallarinnar til sýninga og kappmóta.
- c. Tillögur um ráðningu starfsmanna við daglegan rekstur eignarinnar og að setja fastráðnum starfsmönnum erindisbréf.
- d. Ákvarðanir um viðhald eignarinnar og áhaldakaup.
- e. Tillögur um endurbætur.

6. gr.

Þegar raðað er niður sundtímum skólanna skulu skólastjórar tilkvaddir og skólunum gefinn kostur á tímum, er samrýmast stundaskrár þeirra og fullnægja kröfum um sundnám.

7. gr.

Eignina má eingöngu leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og sundkeppni. Íþróttafélög á Ísafirði fá eina klukkustund á dag forgangsrétt að hagkvæmum sundtíma fyrir félagi sína, enda sé næg þátttaka þessa tíma. Sundiðkendum, sem þátt taka í sundnámskeiðum má veita nokkur fríðindi í aðgangseyri.

8. gr.

Ræsting og viðhald sé samkvæmt fyrirætlum um rekstur og notkun sundstaða. Forstöðumaður sundhallarinnar annist daglegt eftirlit og annað það, er erindisbréf tilgreinir eða bæjarstjórn felur honum.

9. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. íþróttalaga nr. 25/1940, til þess að öðlast gildi nú þegar.

Samtímis fellur úr gildi reglugerð fyrir Sundhöll Ísafjarðar, nr. 4/1947.

Menntamálaráðuneytið, 26. apríl 1950.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

90

27. maí

AUGLÝSING

um 10% álag á skemmtanaskatt.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild 2. gr. laga nr. 65 frá 25. maí 1950, til að innheimta skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi frá og með 1. júní 1950.

Þetta tilkynnist hér með öllum, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 27. maí 1950.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.